
Ár 2012, fimmtudaginn 9. febrúar kl: 17:15 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Eyþór H.Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Róbert Hlöðversson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Eyþór H. Ólafsson, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Fundagerðir.

- 1.1. Bæjarráðs frá 19. janúar og 2. febrúar 2012.
- 1.2. Skipulags- og byggingarnefndar frá 10. janúar 2012.
- 1.3. Velferðarnefndar Árnesþings frá 18. janúar 2012.
- 1.4. Fasteignafélags Hveragerðisbæjar frá 19. janúar og 6. febrúar 2012.

2. Einföld ábyrgð vegna bankaábyrgðar Fasteignafélags Hveragerðisbæjar

3. Bréf frá Sveitarfélaginu Ölfus frá 27. janúar 2012.

4. Ályktun vegna starfsleyfis til ORF líftækni að Reykjum.

5. Tillaga frá meirihluta um íbúafund.

6. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna kaupa á Birkimörk 21-27.

7. Minnisblað frá bæjarstjóra um verkefni á sviði umhverfismála árið 2012.

8. Fundagerðir til kynningar;

- 8.1. Bæjarstjórnar frá 15. desember 2011 og 12. janúar 2012.

Hér var gengið til dagskrár

1. Fundagerðir;

1.1. Bæjarráðs frá 19. janúar 2012.

Enginn tók til máls.

Liður 2.1 borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Liður 2.2 borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

Bæjarráðs frá 2. febrúar 2012.

Enginn tók til máls.

Liður 1.1 borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

1.2. Skipulags- og byggingarnefndar frá 10. janúar 2012.

Enginn tók til máls.

Liður 1 borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

1.3. Velferðarnefndar Árneshöfna frá 18. janúar 2012.

Enginn tók til máls.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

1.4. Fræðslunefndar frá 6. febrúar 2012.

Eftirtaldir tóku til máls: Ninna Sif Svavarsdóttir,

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

1.5. Fasteignafélags Hveragerðisbæjar frá 19. janúar 2012.

Eftirtaldir tóku til máls: Róbert Hlöðversson,

Liður 1 borinn upp sérstaklega og samþykktur með atkvæðum meirihlutans, minnihlutinn sat hjá.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt með fimm atkvæðum meirihlutans, minnihlutinn sat hjá.

Fasteignafélags Hveragerðisbæjar frá 6. febrúar 2012.

Eftirtaldir tóku til máls: Róbert Hlöðversson, Eyþór H. Ólafsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Liður 1 borinn upp sérstaklega og samþykktur með atkvæðum meirihlutans, minnihlutinn sat hjá.

Liður 3 borinn upp sérstaklega og samþykktur.

Liður 5 borinn upp sérstaklega og samþykktur með atkvæðum meirihlutans, minnihlutinn sat hjá.

Fulltrúar minnihlutans óskuðu eftir að liður 4 væri borinn upp sérstaklega.

Liður 4 samþykktur með atkvæðum meirihlutans fulltrúar minnihlutans á móti.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt með fimm atkvæðum meirihlutans, minnihlutinn sat hjá.

2. Einfeld ábyrgð vegna bankaábyrgðar Fasteignafélags Hveragerðisbæjar

Lagt fram bréf frá Fasteignafélagi Hveragerðis ehf þar sem óskað er eftir að Hveragerðisbær gangi í ábyrgð fyrir bankaábyrgð vegna kaupa á loftbornu íþróttahúsi.

Eftirtaldir tóku til máls: Róbert Hlöðversson, Aldís Hafsteinsdóttir og Guðmundur Þór Guðjónsson.

Meirihluti bæjarstjórnar samþykkir eftirfarandi bókun.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna bankaábyrgðar Fasteignafélags Hveragerðisbæjar ehf. hjá Arion banka að fjárhæð 5.200.000 NKR vegna kaupa á loftbornu íþróttahúsi hjá Scandi Hall í Noregi. Ábyrgðin gildir þar til búið er að greiða húsið að fullu. Er einföld ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Fasteignafélags Hveragerðisbæjar ehf. til að breyta ekki ákvæði samþykktu félagsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að sveitarfélagið selji eignarhlut í Fasteignafélagi Hveragerðisbæjar ehf. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hveragerðisbær sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á bankaábyrgðinni að sínum hluta.

Jafnframt er Aldísi Hafsteinsdóttur, kt. 211264-5009, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hveragerðisbæjar veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á bankaábyrgðina.

Minnihlutinn á móti með bókun.

Á fundi bæjarstjórnar þann 12. jan 2012 samþykkti meirihlutinn að veita Fasteignafélagi Hveragerðisbæjar ábyrgð vegna 115 mkr. láns til fjármögnunar á loftbornu íþróttahúsi. Bæjarfulltrúar A-listans greiddu atkvæði gegn ábyrgðarveitingunni á þeim forsendum að fjárhagsstaða bæjarins væri erfið og því ekki skynsamlegt að ráðast í dýra og óarðbæra fjárfestingu sem þessa. Afstaða minnihlutans er óbreitt frá umræddi bókun. Fulltrúar A-listans óska eftir því að á næsta fundi bæjarráðs leggi sjálfstæðismenn fram endurskoðaða kostnaðaráætlun Verkís frá 16. jan. 2012 vegna þessa verkefnis.

Róbert Hlöðversson

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

3. Bréf frá Sveitarfélaginu Ölfus frá 27. janúar 2012.

Lagt fram bréf frá Sveitarfélaginu Ölfus þar sem þeir samþykkja viðræður við Hveragerðisbæ um sveitarfélagamörk sveitarfélaganna og tilkynna fullrúa sína í viðræðunum.

Eftirtaldir tóku til máls: Róbert Hlöðversson,

Bæjarstjórn samþykkir að fulltrúar Hveragerðisbæjar í viðræðunum verði bæjarstjóri, forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs.

Fulltrúar A-listans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Bæjarfulltrúar A-listans fagna því að bæjarstjórn Ölfus skuli vilja taka upp viðræður við Hveragerðisbæ varðandi breytt sveitarfélagamörk, en hefði þó viljað að viðræður sveitarfélagana snérust um sameiningu þeirra. Sameinin þessara sveitarfélaga er bæði

skynsamleg og fyrirsjáanleg og því óskiljanlegt að sjálfstæðimenn skuli ekki einu sinni vilja hefja viðræður við Ölfussinga um það mál.

Róbert Hlöðversson

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

4. Ályktun vegna starfsleyfis til ORF líftækni að Reykjum.

Enginn tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi ályktun samhljóða:

Bæjarstjórn harmar að ekki skuli hafa verið leitað álits Hveragerðisbæjar við útgáfu starfsleyfis til handa Orf líftækni að Reykjum og telur að skilyrðislaust hefði átt að kynna þetta mál fyrir bæjarstjórn eða á opnum fundi með íbúum áður en starfsleyfi var gefið út af Umhverfisstofnun.

Bæjarstjórn tekur undir athugasemdir sem skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss gerði við útgáfu leyfisins á fundi sínum þann 15. nóvember 2011. Ennfremur tekur bæjarstjórn undir áréttingu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um mikilvægi þess að varlega sé farið við starfsemi af þessu tagi og að tryggt skuli að erfðabreyttar lífverur berist ekki í umhverfið.

Bæjarstjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að farið verði í einu og öllu eftir kröfum reglugerðar nr. 276/2002. Virkt eftirlit verði með rekstrinum af hálfu Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits og þannig verði tryggt að umhverfisskaði vegna ræktunarinnar verði enginn.

5. Tillaga frá meirihluta um íbúafund.

Eftirtaldir tóku til máls: Róbert Hlöðversson.

Meirihluti bæjarstjórnar lagði fram eftirfarandi tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir að fela menningar- og frístundafulltrúa í samvinnu við menningar-íþrótt og frístundanevnd að undirbúa hugarflugsfund íbúa og annarra hagsmunaaðila um viðburði og hátíðir í bæjarfélaginu. Fundurinn verði í svokölluðum kaffistofuspjalls stíl (world café) þar sem unnið verður í smærri hópum. Leitast verði við að fá fram sem flestar hugmyndir sem nýst geta við skipulag hátíða og viðburða komandi sumars þannig að sjónarmið íbúa og atvinnurekenda í bæjarfélaginu komi skýrt fram. Fundurinn verði haldinn um mánaðamótin febrúar/mars.

Eyþór H. Ólafsson

Unnur Þormóðsdóttir

Guðmundur Þór Guðjónsson

Ninna Sif Svavarsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Minnisblað frá bæjarstjóra vegna kaupa á Birkimörk 21-27.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna kaupa á húsnæði Heimilisins Birkimörk 21-27.

Eftirtaldir tóku til máls: Róbert Hlöðversson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir að kaupa húsnæðið Birkimörk 21-27 á 41 mkr og að kaupin verði fjármögnuð með láni frá Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Ákvörðun um viðhaldsframkvæmdir verði tekin síðar.

7. Minnisblað frá bæjarstjóra um verkefni á sviði umhverfismála árið 2012.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna verkefna á sviði umhverfismála sumarið 2012.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Róbert Hlöðversson, Guðmundur Þór Guðjónsson, Eypór H. Ólafsson og Unnur Þormóðsdóttir.

Lögð fram eftirfarandi tillaga.

Bæjarstjórn samþykkir að ráða Ástu Camillu Gylfadóttur í 100% stöðu sýningarstjóra vegna sýningarinnar Blóm í bæ 2012 í 3 ½ mánuð og að ráða aðstoðarmann hennar í tímabundna ráðningu í hlutastarf.

Einnig samþykkir bæjarstjórn að ráðinn verði garðyrkjufraeðingur í 100% stöðu umsjónarmanns garðyrkju og umhverfis í 6 mánuði. Garðyrkjufraeðingurinn verði einnig stjórnandi Vinnuskólans og skólagarða sumarið 2012.

Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum meirihlutans, fulltrúar minnihlutans sitja hjá með eftirfarandi bókun.

Í minnisblaði bæjarstjóra kemur fram að ráð eigi sýningastjóra í 100% stöðu í 3,5 mánuði vegna sýningarinnar Blóm í bæ. Jafnframt eigi að ráða aðstoðarmann sýningastjóra, en ekki kemur fram til hve langs tíma né hvert stöðugildi hans eigi að vera. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrri ráðningu garðyrkjufraeðings í 100% stöðu í 6 mánuði. Ljóst er að kostnaðarþátttaka bæjarfélagsins vegna Blóm í bæ er orðinn æði mikil og miklu meiri en ráð var fyrir gert í upphafi. Beint fjárframlag bæjarins vegna þessa verkefni nemur 3 mkr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2012. Ofan á þann kostnað leggst síðan laun og launatengd gjöld ofangreindra starfsmanna. Þá er ótalin „dulinn“ kostnaður sem að mestu felst í auka vinnuframlagi starfsmanna bæjarins vegna þessa verkefnis. Í upphafi var gert ráð fyrir að þessi sýningyrði kostuð af hagsmunaaðilum og þeim sem hafa beinan fjárhagslegan ávinning að henni. Stuðningur bæjarins átti að felast í 2 mkr. styrk plús einhverju vinnuframlagi bæjarstarfsmanna. Ljóst er að menn eru komnir langt frá þessu upphaflega markmiði. Bæjarfulltrúar A-listans telja að hér þurfi að staldra við og íhuga hvort eðlilegt sé að bæjarfélagið fjármagni að stórum hluta sölusýningu af þessu tagi. Sýningin hefur verið vel sótt og því fullkomlega eðlilegt að þeir sem njóta fjárhagslegs ávinnings af henni standi undir stærstum hluta kostnaðarins.

Róbert Hlöðversson

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Kl. 18:05 var gert fundarhlé.

Kl. 18:15 hélt fundur áfram.

Meirihlutinn lagði fram eftirfarandi bókun.

Meirihlutinn harmar að enn og aftur skuli koma í ljós að minnihluti samfylkingar- og framsóknar sé á móti Garðyrkju- og blómasýningunni Blóm í bæ og finnur sýningunni og framkvæmd hennar allt til foráttu. Sýningin hefur verið byggð upp í einstöku samstarfi íbúa og fyrirtækja hér í Hveragerði ásamt fagfélögum græna geirans á landsvísu sem frá upphafi hafa lagt metnað sinn í að gera sýninguna sem glæsilegasta. Við erum stolt af þátttöku bæjarins og þeirri jákvæðu umræðu sem í kjölfar sýningarinnar hefur skapast um okkar fallega bæ.

Eyþór H. Ólafsson

Unnur Þormóðsdóttir

Guðmundur Þór Guðjonsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Ninna Sif Svavarsdóttir

Kl. 18:16 var gert fundarhlé.

Kl. 18:26 hélt fundur áfram.

Fulltrúar minnihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Bæjarfulltrúar A – listans eru engan veginn á móti garðyrkju og blómasýningunni Blóm í bæ enda hafa þeir stutt við verkefnið frá upphafi. Hins vegar er lagt til hvort ekki sé eðlilegt að íhuga kostnaðarhlutdeild bæjarins í sýningunni sem hefur farið sívaxandi frá ári til árs.

Róbert Hlöðversson

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

8. Fundagerðir til kynningar;

8.1. Bæjarstjórnar frá 15. desember 2011 og 12. janúar 2012.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:39

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)